

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík  
einar@pegasus.is

Reykjavík 3. maí 2018  
UST201803-426/G.G.  
09.06.01

### **Efni: Leyfi vegna kvikmyndatöku - Skógafoss**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pegasus kvikmyndagerðar, dagsett 27. mars 2018 um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega sem tengist kvikmyndagerðinni, við Skógafoss dagana 7. – 23. maí 2018.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 477/1987.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Við Skógafoss er sótt um leyfi til að mynda fyrir framan fossinn, m.a. að nota lítinn dróna í þeim tilgangi. Við Skógafoss er ætlunin að mynda leikkonu við fossinn og verður hún staðsett u.þ.b. 100m frá fossinum.

Hugmyndin er að nota drónann sem fylgir leikkonunni eftir, í hennar hæð, í stað annarra óhentugri tækja. Færi hann ekki nálægt klettunum og ætti ekki að trufla fuglana. Takan tæki einn dag. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu er um 120 manns og ökutæki. Í náttúruvættinu er gert ráð fyrir að aka fjórhjóli eða sexhjóli með kerru eftir göngustíg að fossi. Vinnutrukkar og bílar yrðu á bílastæði. Loka þyrfti svæðinu fyrir ferðamönnum og beina þeim að fara hægra megin við fossinn.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á jarðmyndunum og gróðri. Umhverfisstofnun telur hins vegar að flug dróna gæti valdið tímabundinni truflun á fuglalífi í bjarginu við fossinn. Framkvæmdin mun einnig valda tímabundinni truflun á upplifun gesta þar sem mikill fjöldi ferðamanna er á svæðinu dag hvern.

### ***Niðurstaða:***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku við Skógafoss að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal landverði Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, umfram þann er leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum.
- Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf.
- Flugí dróna skal hagað þannig að flogið sé eins fjarri bjarginu eins og kostur er. Jafnframt skal fljúga honum í eins stuttan tíma og hægt er. Ef sýnilegt er að dróninn valdi mikilli truflun á fuglalífinu skal honum lent samstundis.
- Aka skal upp að Skógafossi eftir áreyrum en ekki eftir göngustíg. Ekki skal aka út í ána.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Settar verði upp merkingar á tókustað og/eða starfsmaður verkefnisins verði til staðar og upplýsi gesti um takmarkanir á umferð vegna kvikmyndatökunnar. Gestum við Skógafoss verði leiðbeint að fara aðra leið á meðan á tökum stendur. Sérstaklega skal taka fram á merkingum að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatöku þ.m.t. akstri utan vegar.
- Takamarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifunar annarra gesta á svæðinu. Bent er á að fæstir ferðamenn eru snemma morguns eða að kvöldi til á ferðinni og þeir tímar því oft hentugir til kvikmyndatöku.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tökum loknum. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt. Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


### ***Leyfisgjald***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gerð verður grein fyrir kostnaði við afgreiðslu leyfa, vegna verkefnisins Kunlun, í sérstöku bréfi.

**Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,



Sigrún Agustsdóttir  
sviðsstjóri



Hákon Asgeirsson  
teymisstjóri